

Hafnarfjarðarbær
 b/t Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur, bæjarstjóra
 Strandgötu 6
 220 Hafnarfirði

MINNISBLAÐ

Reykjavík, 17. mars 2014

Efni: Staða endurfjármögnunar Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfjarðarbær er með þungar afborganir af erlendum lánum FMS og stóran gjalddaga í desember 2015. Láni FMS fylgir m.a. endurfjármögnunar- og gengisáhætta og því mikilvægt fyrir bæinn að tryggja hagstæða endurfjármögnun í tíma. Undanfarin misseri hefur átt sér stað mikil vinna við undirbúning endurfjármögnunar, margir ólíkir kostir skoðaðir og rætt við ýmsa hagsmunaaðila, m.a. mögulega innlenda lánveitendur, Seðlabanka Íslands og stjórnslueiningar sem koma að fjármálum sveitarfélaga. Niðurstaða þeirrar vinnu er að Íslandsbanki hefur gert skuldbindandi tilboð í endurfjármögnun allra erlendra skulda bæjarins ásamt hluta skammtímaskulda. Helstu atriði tilboðs Íslandsbanka má sjá hér að neðan:

Helstu atriði tilboðs Íslandsbanka hf.	
Lánsupphæð	Allt að ISK 13,1ma. kr.
Lánstími	Allt að 30 ár
Helstu fjárhagslegu skilyrði	
Veltufé frá rekstri	> 10%
Skuldaviðmið (skv. Eftirlitsnefnd)	< 210% 2014; < 200% 2015; < 190% 2016
Fjárfestingar	Allt að 15% umfram fjárfestingaáætlun 2014 - 2016
<i>Fjárhagsleg skilyrði taka mið af fjárhagsáætlun bæjarins 2014-2017</i>	
Veð og tryggingar	Engar
Fyrirvarar	Heimild Seðlabanka ef greiða skal allt/hluta FMS láns fyrirfram Samþykki bæjarstjórnar um lántöku og endanlega skjalagerð Samþykki FMS á endurfjármögnun skammtímaskulda

Hafnarfjarðarbær er ekki skuldbundinn til að nýta lánsloforð Íslandsbanka til fulls heldur getur fjármögnun bæjarins orðið með fjölbreyttari hætti, t.d. með þátttöku Lánasjóðs sveitarfélaga (LSS) og með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Aðstæður á skuldabréfamarkaði eru sveitarfélögum nokkuð hagfelldar og því gæti gefist tækifæri til að festa vexti til langs tíma með útgáfu skuldabréfa. Endanleg samsetning fjármögnunar bæjarins veltur m.a. á þeim kjörum sem bjóðast á skuldabréfamarkaði og hjá LSS. Lánsloforð Íslandsbanka gefur bænum góða samningsstöðu í slíkum viðræðum þar sem nú þegar er búið að tryggja endurfjármögnun erlendra lána og skammtímaskulda og óvissu því að mestu eytt.

Til að draga sem hraðast úr gjaldeyrisáhættu bæjarins hefur verið óskað eftir við Seðlabanka Íslands að veita undanþágu frá gjaldeyrislögum til fyrirframgreiðslu á láni bæjarins hjá FMS, í heild eða hluta. Þótt endanleg samsetning fjármögnunar bæjarins sé þannig einnig háð viðbrögðum Seðlabankans skal áréttað að áður nefnt tilboð Íslandsbanka er það ekki.